



## **Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði**

**20. september 2023 kl. 16:00.**

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

### **1. Framkvæmdasjóður ferðmannastaða.**

Óskað er eftir ábendingum um verkefni í vinnslu og næstu möguleg verkefni. Veruleg viðhaldsverkefni eru á helstu gönguleiðum á þá staði sem laða að sér ferðamenn svo sem leiðir upp að Hengifossi, fossaleið upp með Jökulsá í Norðurdal, að Strútsfossi í Suðurdal og umhverfis Laugarfell. Einnig má nefna aðra fjölsóttu staði svo sem Óbyggðasafnið, Skriðuklaustur, Valþjófsstaðakirkju og fleira mætti telja. Allir þessir staðir krefjast umhirðu og viðhalds svo að þeir geti talist boðlegir til móttöku á vaxandi fjölda ferðamanna.

### **2. Samningar um skipulagsmál.**

Gerð var grein fyrir samningi við Landmótun um breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030. Einnig var gerð grein fyrir breytingu á deiliskipulagi fyrir Skriðuklaustur – Valþjófsstað frá 2008. Byggingarfulltrúa falið að koma þeirri breytingu í viðeigandi afgeiðsluferli hjá Skipulagsstofnun.

Skarphéðinn Smári er að vinna að deiliskipulagi fyrir athafnssvæði á Valþjófsstaðamelun austan Végarðs. Einnig liggur fyrir að vinna þarf að deiliskipulagi fyrir byggðakjarna í landi Hamborgar. Nefndarmenn eru sammála um að heppilegt sé að leita til Skarphéðins Smára um verkefnið vegna þekkingar hans á viðhorfum og staðhátum innan sveitarfélagsins. Byggingar- og skipulagsnefnd vísar endanlegri ákvörðun um málið til sveitarstjórnar.

### **3. Skógarafurðir Ytri-Víðivöllum II.**

Í tölvupósti gerir Bjarki grein fyrir þeim áformum sem hann sér framundan til þess að styrkja reksturinn. Næst á döfinni er að koma upp tveimur 24 m<sup>2</sup> smáhýsum til þess að hýsa starfsmenn. Ekki er hægt að afgreiða byggingaleyfi fyrir þessum smáhýsum nema fyrirbyggjandi séu fullgildar byggingarnefndarteikningar ásamt skráningartöflu.

### **4. Orkufjarskipti hf. Ósk um breyting á ljósleiðaralögn á Teigsbjargi.**

Orkufjarskipti hf. sækja um framkvæmdaleyfi vegna breytinga á ljósleiðaralögn á Teigsbjargi í framhaldi framkvæmdum við Kröflulínu. Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með að umbeðið framkvæmdaleyfi verði veitt.

### **5. Fornleifaskráning í landi Hamborgar.**

Lagt fyrir tilboð frá Rannveigu Þórhallsdóttur um fornleifaskráningu í landi Hamborgar vegna áforma þar um deiliskipulagningu á byggðakjarna. Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með að gengið verði til samninga við Rannveigu um verkefnið.

### **6. Önnur mál.**

Byggingarfulltrúi greindi frá ýmsum verkefnum á framkvæmdastigi. Á Hóli er Glúmur búinn að koma fyrir smáhýsi á lóðinni Dvergseyri 1. Skemma Eiríks á Arnheiðarstöðum er risin og nánast fullbúin. Gistiheimilið við Óbyggðasafnið á Egilsstöðum er ekki enn hæft til lokaúttektar, hvorki hefur lyftan verið sett upp né er neyðarútgangur á efri hæð á suðurgafli frágenginn. Unnið er að virkjun við Sturluflöt, sem fellst í jarðvegsstíflu og niðurgrafinna aðrennslislögn ásamt túrbínu og rafal og stöðvarhús 12 m<sup>2</sup> þ.e innan við 15 m<sup>2</sup> mörkin. Verkpættir eru utan þess venjulega sem teljast leyfisskyldir hjá nefndinni. Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn veiti framkvæmdaleyfi vegna virkjunarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir  
Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson.